

Ísótóparannsókn af hjarta með lyfjaáreynslu

Ísótóparannsóknin veitir upplýsingar um starfsemi hjartavöðvans. Í rannsókninni er líkt eftir álagi á hjarta með lyfjagjöf. Rannsóknin er gerð undir eftirliti hjartalækna. Rannsóknin er gerð sitt hvorn daginn þar sem bæði þarf að framkvæma hana í hvíld og eftir áreynslu. Gera þarf ráð fyrir að rannsóknin taki 2-3 klukkustundir í hvort sinn. Starfsfólk ísótópastofu lætur vita ef þörf er á að breyta töku blóðþrýstingslyfja fyrir rannsókn.

Undirbúningur

- Fasta þarf á mat og drykk í fjórar klukkustundir fyrir rannsóknina.
- Sólarhring fyrir rannsókn og þar til báðum rannsóknum er lokið má ekki borða súkkulaði, banana og ekki neyta drykkja sem innihalda koffein til dæmis kaffi, te, kóladrykki, orkudrykki og kakó.
- Ef lyf eru tekin að staðaldri er ráðlagt að bíða með að taka þau þar til rannsókn er lokið þann daginn, því þarf að hafa lyfin meðferðis.
- Ráðlagt er koma í þægilegum fötum og skilja skartgripa eftir heima.
- Gott getur verið að hafa með sér afþreyingarefni.



Best er að nota inngang Eiríksstötu megin og gefa sig fram við afgreiðslu deildar 10G. Athygli er vakin á því að bílastæðin eru gjaldskyld.

Rannsóknardagur

- Við komu á deild er settur æðaleggur í handlegg og í hann er gefinn ísótópur sem er geislavirkt efni.
- Í myndatökunni þarf að liggja kyrr á rannsóknarbekk á meðan myndavélar nema geislun frá líkamanum.

Dagur 1: Lyfjaáreynsla og myndataka

- Settur æðaleggur
- Hjartasíriti tengdur til að fylgjast með hjartslætti
- Gefið lyf til að hraða hjartslætti
- Ísótópur gefinn
- Myndataka um 90 mínútum eftir áreynslu

Dagur 2: Hvíld og myndataka

- Settur æðaleggur
- Hvíld í 15-20 mínútur
- Ísótópur er gefinn í æð
- Myndataka um 90 mínútum síðar

Eftir rannsókn

- Niðurstöður rannsóknar berast innan tveggja vikna til þess læknis sem pantaði rannsóknina.
- Þar sem geislavirkt efni er notað í rannsókninni þarf að forðast mikla snertingu við aðra í 24 klukkustundir eftir rannsóknina, meðan efnið er að fara úr líkamanum. Mikilvægt er að forðast alla snertingu við barnshafandi konur og að hafa börn í fanginu þar sem þau eru viðkvæmari fyrir geislun en fullorðnir.
- Ef fyrirhugað er að ferðast til útlanda skömmu eftir rannsókn er ráðlagt að fá vottorð til að framvísa á flugvellinum. Starfsfólk deildar veitir nánari upplýsingar um það.

Velkomið er að hafa samband ef spurningar vakna.

Ísótópastofa Landspítala við Hringbraut, sími 543 5050, isotop@landspitali.is

Þetta fræðsluefni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðsluefnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efnið er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.